

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Borgarbraut 14, Borgarnesi
Stilholti 16-18, Akranesi
kt. 550399-2299
Símar: 433-7117 433-1070

Alþingi
Erindi nr. P 136 / 1040
komudagur 5.3.2009

Borgarnesi, 4. mars 2009.

Nefndasvið Alþingis
v/sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um 258. mál, frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, EES-reglur, breyting ýmissa laga.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands hefur á fundi sínum fyrr í dag fjallað um ofangr. frumvarp til laga með tilliti til breytinga á lögum nr. 93/1995.

Heilbrigðisnefndin leggur áherslu á, að þrátt fyrir þær breytingar, sem lagðar eru til með frumvarpinu, að matvælaöryggi verði ávallt haft í fyrirrúmi og gætt verði ýtrustu varúðar þegar frjálst flæði matvæla kemst á hér á landi. Matvælaöryggi á Íslandi er eitt hið mesta í heiminum í dag og því dýrmætt að reyna eftir fremsta megni að halda því við.

Þegar skoðaðar eru þær upplýsingar sem fyrir liggja um heilnæmi matvara, sem kynntar voru á fyrirlestri starfsmanna Matvælastofnunar hinn 24. febrúar s.l., kemur hinsvegar upp að tíðni salmonella í ESB löndum er að meðaltali um 24% í kjúklingum og um 10% í svínunum meðan salmonella er nánast óþekkt í þessum dýrum hér á landi (0,5% í svínunum 2007 og 0,8% 2008 og nær óþekkt síðustu árin í kjúklingum).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir frjálssu flæði matvara inn í landið nema að fyrir liggi „rökstuddur grunur um „að matvælin séu heilsuspillandi eða óhæf til neyslu eða geta valdið dýrasjúkdómum“ eins og segir í 19. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er kveðið fast að orði um að óheimilt sé að markaðssetja matvæli sem ekki eru örugg, sbr. 5. gr, og er það gott. En að sama skapi hefur heilbrigðisnefndin áhyggjur af því að ákvörðunin sjálf um hvort matvæli séu örugg eða ekki sé velt yfir á neytendur sjálfa, þ.e. skv. 5.gr. a „ ...skal hafa hliðsjón í fyrsta lagi af því hvernig neytendur nota matmælin venjulega á hverju stigi framleiðslu og dreifingar og í öðru lagi af upplýsingum sem neytendum eru veittar, þ.m.t. upplýsingar á merkimiða..... „ og einnig í sömu grein. „ ... hvort matvæli séu heilsuspillandi skal hafa hliðsjón af í fyrsta lagi af líklegum, bráðum áhrifum og /eða langtímaáhrifum þessara matvæla á heilsu þeirra sem neyta þeirra...“

Miðað við það frumvarp sem nú liggur fyrir er á engan hátt tryggt að örugg matvæli séu einungis á boðstólum fyrir neytendur, því sýnatökur og eftirlit á matvælunum getur ekki farið fram fyrr en varan er komin í verslanir. Heilbrigðisnefndin ítrekar þá skoðun sína að sýnataka á innfluttum matvörum fari fram áður en matvælum er dreift í verslanir.

Í upplýsingum um rekjanleika matvæla er ekki hægt að sjá hvert upprunalandið er skv. frumvarpsdrögnum svo framalega sem varan komi frá ESB ríki.

Það er mat heilbrigðisnefndar að þarna sé verið að stefna matvælaöryggi inn á nýja og hættulegri braut.

Vegna samræmingarhlutverks Matvælastofnunar hefur Heilbrigðisnefnd Vesturlands áður bent á það við löggjafarvaldið og sett spurningarmerki við, hvort eðlilegt sé að heilbrigðisnefndir skulu fara að fyrirmælum Matvælastofnunar. Ekki verður séð annað en þetta skerði sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna og geti í einhverjum tilfellum sett þau í ákveðnar fjárskuldbindingar s.s. vegna sýnarannsókna og eftirlitsverkefna sem ákveðin kunna að vera af Matvælastofnun.

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Matvælastofnun fari með eftirlit í mjólkurstöðvum og eggjavinnslu. Vitnað er til þess í greinargerð með frumvarpinu að vitnað sé til 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004 sem fjallar um að opinberir eftirlitsdýralæknar hafi eftirlit hluta kjötvinnslu og kjötpökkunarstöðva sem setja kjötvörur á markað. Í greinargerðinni er þetta lagt að jöfnu við eftirlit með mjólkurstöðvum. Jafnframt er vitnað til þess að óeðlilegt sé að tveir eftirlitsaðilar fari í sama fyrirtækið.

Heilbrigðisnefndin vill benda á að eftirlit með mjólkurstöðvum hefur um langt árabil verið á höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES). Þar er bæði átt við matvælaeftirlit og ekki síður mengunarvarnaeftirlit með slíkri starfsemi.

Því þykir það harla undarlegt að flytja eigi allt matvælaeftirlit mjólkurstöðva yfir á Matvælastofnun og láta heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna áfram um mengunarvarnaeftirlitið. Ef haldbær rök kæmu fram sem sýndu að HES væri ófært af einhverjum ástæðum að sinna slíku eftirliti væri staðan önnur.

Heilbrigðisnefndin mótmælir því þeirri breytingu á matvælalögum að færa Matvælastofnun aukið eftirlit án viðunandi rökstuðnings.

Þessu tengt vill heilbrigðisnefndin gera athugasemdir við 14. gr frumvarpsins þar sem segir að ef Matvælastofnun og heilbrigðisnefnd hafa bæði eftirlitsskyldur með sama matvælafyrirtæki skuli ráðherra úrskurða hvor aðilinn skuli fara með opinbert eftirlit og veita leyfi. Þar sem Matvælastofnun er ráðgefandi aðili til ráðherra um úrskurðarmál er það sérkennilegt að þessu ákvæði sé svona fyrirkomið og á engan hátt ljóst að sanngirni og jafnræðis sé gætt.

Heilbrigðisnefnd vill fagna því að starfsfólk í matvælaiðnaði fái betri grunnþekkingu í störfum sínum. Því kemur á óvart að ráðherra sé aðeins heimilt skv. 7. gr. frumvarpsins að setja reglugerð um námskeiðahald fyrir starfsmenn í matvælaiðnaði.

Loks vill heilbrigðisnefndin benda á að í d. lið 23. greinar frumvarpsins er Matvælastofnun falið sjá um samhæfingu aðgerða skv. lögum þegar upp kemur „bráð eða alverleg matarsýking, matareitrun eða önnur vá svipaðs eðlis.“

Samkvæmt gildandi sóttvarnalögum er það sóttvarnalæknir sem fer með yfirstjórn vegna slíkra mála og því óeðlilegt að vera að flækja það ferli, frekar ætti að efla það.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands telur að allt sem snúi að matvælaöryggi eigi að vera í fyrirrúmi þegar fjallað er um nýja eða breytta matvælaöryggjöf.

Í fyrirleggjandi matvælafrumvarpi eru ekki taldir gallar sem fylgja innleiðingu breytinga á lögum. Þá er rökstuðningur í nokkrum tilfellum ekki í samræmi við stöðu matvæla eins og hún er í dag í landinu.

Því beri löggjafanum að kynna sér á víðari grundvelli hvað komi þjóð okkar best til að koma á betra matvælaöryggi.

Virðingarfyllst,

f.h. heilbrigðisnefndar Vesturlands



A handwritten signature in cursive script is written over a circular stamp. The stamp contains the text "HEILBRIGÐISEFTIRLIÐ" at the top and "VESTURLANDS" at the bottom.